

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)

Non-Chlorinated Brake & Parts Cleaner
82220 (Úðabrúsi)



1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Non-Chlorinated Brake & Parts Cleaner**
Vörunúmer: **82220 Aerosol**
Notkun: **Bremsu- og hlutahreinsiefni**
Dreifing: **Bilanaust hf. Reykjavík**
Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA
Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)
Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585
Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkralíðs, Slökkviliðs: 112
Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.
Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
67-64-1	200-662-2	Aseton	< 60	F, Xi	11-36-66-67
142-82-5	205-563-8	Heptan	< 20	F, Xn, N	11-38-50/53-65-67
1330-20-7	215-535-7	Xýlen	< 20	Xn	20/21-38
100-41-4	202-849-4	Etýlbensen	< 5	Xn	20
124-38-9		Kolsýra	< 5		

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrunarhætta: Getur ert augu, húð og öndunarveg. Veldur öndunartruflunum ef gleypt. Misnotkun með innöndun mikils magns (sniff) getur valdið skaða eða dauða. Lengri tíma nærvera við mettað loft af gufu þessa efnis getur skaðað lungu, lifur eða nýru. Skýrslur hafa fjallað um samband endurtekinnar eða lengri tíma snertingar/nærveru við leysiefni og varanlegs skaða á heila og miðtaugakerfi (nefnt „leysiefna“ eða „málarahéilkenni“). Á meðal einkenna eru þreyta, einbeitingarerfiðleikar, kvíði, depurð, bráðar skapsveiflur og skert skammtímaminni.

Eitrunarleiðir: Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.

Merki og einkenni snertingar: Mikið magn (af slysi eða viljandi) getur valdið höfuðverk, svima, velgju og, í alvarlegri tilfellum, meðvitunarleysi og öndunartruflunum. Getur valdið roða í augum og ertingu í nefgöngum.

Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst: Hjartasjúkdómar, sjúkdómar í öndunarfærum, lífrar og nýrnasjúkdómar, hjartsláttartruflanir og tíðaröskun.

4. Skyndihjálp:

Inntaka: Hafi efnið komist í meltingarveg skal EKKI framkalla uppsölur. Gefið viðkomandi 2 glös af vatni og leitið lækni tafarlaust. Meðvitundarlausum einstaklingi skal aldrei gefa vott né þurr.

Innöndun: Flytjið viðkomandi þangað sem er ferskt loft. Hafi öndun stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munni- við munn) . Sé um öndunarerfiðleika að ræða skal beita súrefnisgjöf. Leitið lækni.

Snerting við húð: Fjarlægjið mettaðan fatnað. Þvoið svæðið með vatni og sápu.

Framhald á bls. 2

Hverfi erting ekki skal leita læknis.

í minnst 15 mín. og hafa samband við lækn tafarlaust hverfi óþægindin ekki.

Snerting við augu: Komist efnið í augu skal hreinsa tafarlaust með miklu vatni

5. Eldsvoði: Slökkvun.

Blossamörk: < 0 °C

Slökkviefni: Kolsýra, þurrduft, froða

Slökkviaðferð: Kælið umbúðir/ílát með vatni. Beitið hlífum til varnar hættu af ílátum sem kunna að springa. Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.

Hættuleg niðurbrotsefni vegna elds/hita: Koloxíð, ertandi gastegundir.

Ovenjuleg sprengihætta: Úðabrúsi; ílát undir þrýstingi. Stingið ekki gat á úðabrúsa né fleygið á eld. Nái úðabrúsi að hitna umfram 49 °C getur hann sprungið eða rifnað. Haldið ílátum köldum. Starfsfólk skal nota hlífur til varnar gegn ílátum sem kunna að springa vegna hita.

Sprengimörk, lægri: Ekki mæld

Sprengimörk, hærri: Ekki mæld

6. Efnaleki.

Hreinsun: Fjarlægjið alla neistagjafa. Tryggið góða loftræstingu. Bindið spillt efni með óvirku uppsuguefni. Geymið í lokuðu íláti til förgunar.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Geymsla: Geymið fjarri hita- og neistagjöfum og opnum eldi. Geymið ekki við herra hitastig en 49 °C. Við hærri hita geta úðabrúsar sprungið. Stingið ekki gat á úðabrúsa né fleygið á eld.

Meðhöndlun: Forðist snertingu við húð og augu. Eldfim gufa getur auðveldlega safnast fyrir og getur tindrast með sprengingu. Forðist snertingu við húð og augu. Andið ekki gufu af efninu né kyngið. Sé gufubétting augljós, yfirgefið þá rýmið tafarlaust. Notið efnið einungis í vel loftræstu rými. Slökkvið opinn eld, fjarlægjið hita- og neistagjafa svo sem rafverkfæri og raftæki. Stingið ekki gat á úðabrúsa né fleygið á eld. Viljandi innöndun mikils magns gufu af þessu efni til vímuöflunar getur valdið varanlegum skaða eða dauða.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Augu: Hlíðargleraugu með hliðarhlífum.

Húð: Notið hlífðarhanska úr gúmi eða plasti sé notkun mikil eða erting ljós.

Loftræsting: Þarf að vera nægileg til að halda metnun andrúmslofts innan uppgefina mengunarmarka þegar efnið er notað.

Öndunarbúnaður: Nota skal öndunargrímu af viðurkenndum gæðum (t.d. NIOSH) þegar vænta má að metnun andrúmslofts verði umfram mengunarmörk.

Mengunarmörk:

CAS Nr.	Styrkur %	NTP:	ACGIH 8 kist meðaltal (TWA)	IARCA 8 kist meðaltal (TWA)
67-64-1	Aseton < 60		500 ppm; 1188 mg/m ³	1000 ppm; 2400 mg/m ³
142-82-5	Heptan < 20		400 ppm; 1640 mg/m ³	500 ppm; 2000 mg/m ³
1330-20-7	Xýlen < 18		100 ppm; 434 mg/m ³	100 ppm; 435 mg/m ³

Framhald á bls. 3

100-41-4	Etýlbensen	< 5	100 ppm; 434 mg/m ³	100 ppm; 435 mg/m ³
124-38-9	Kolsýra	< 5	5000 ppm	5000 ppm

Flokkun v/krabbameinshættu:

CAS Nr. 67-64-1 Aseton: ACGIH: Flokkur A4 = Ekki krabbameinsvaldur í mönnum

CAS Nr. 1330-20-7 Xýlen: NTP: Ekki í rottum/músum

CAS Nr. 1330-20-7 Xýlen: ACGIH Carc: Flokkast ekki sem krabbameinsvaldur í mönnum

CAS Nr. 1330-20-7 Xýlen: IARC: Gr. 3. Vol. 71, bls. 1189/1999

CAS Nr. 100-41-4 Etýlenbensen: IARC: Gr. 2, Vol.77, bls. 227/2000

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form:	Glær vökvi
Lykt:	Leysiefni
Suðumark:	Ekki mælt
Sýrustig (pH):	Á ekki við
Leysanleiki í vatni:	Enginn
Rúmpýngd:	0,78 - 0,80
Rokefnainnihald (VOC):	35,5% þýngdar
Gufuþrýstingur:	Ekki mælt
Gufuþýngd (Loft = 1):	Þýngra en loft
Rokhraði:	> 1 (bútýlasetat = 1)

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).**Stöðugleiki:** Stöðugt við eðlilegar aðstæður.**Hættuleg fjölliðun:** Mun ekki eiga sér stað.**Efni sem valda virkni:** Sterk oxunarefni.**Aðstæður sem ber að forðast:** Hár hiti, Geymið ekki við hærra hitastig en 49 °C.**Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita:** Koloxíð, ertandi gufur.**11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)****12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.** Varnið því að efnið komist í frárennsli.**13. Förgun.** Efninu skal farga hjá spilliefnamóttöku og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð spilliefna í viðkomandi sveitarfélags. Umbúðum skal farga samkvæmt gildandi lögum og reglum um förgun iðnaðarúrgangs á úðabrusum. Leiðið upplýsinga hjá spilliefnamóttöku fyrir förgun. Sé ekki um spilliefnaförgun skal vefja brúsann í pappa og farga með öðru sorpi. **Ath.** Um förgun efnis á úðabrusum gilda sérreglur.**14. Flutningur:** DOT: (49CFR 172)**Landflutningur:**

Heiti flutningsflokks (DOT):	Notendavara
Hættuflokkur:	ORM-D
UN/ID Nr.	Ekkert
Spilliefni í sjó:	Ekki

Lofflutningur:

Rétt heiti flutningsflokks:	Úðabrusi, takmarkað magn
Flokkur eða deild:	2.1
UN/NA Nr.	UN 1950

Framhald á bls. 4

IMDG:	Rétt heiti flutningsflokks:	Úðabrúsi, takm. magn
	Hættuflokkur:	2.1
	UN Nr.	1950

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Efni undir þrýstingi. Stingið ekki gat á brúsann né fleygið á eld.

Inniheldur: Sjá kafla 8.

Hættusetningar:

H11 Mjög eldfimt.

H20 Hættulegt við innöndun.

H20/21 Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð.

H36 Ertir augu.

38 Ertir húð

H50/53 Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.



Varnaðarsetningar:

V9 Geymist á vel loftræstum stað.

V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.

V24/25 Varist snertingu við húð og augu.

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V29 Má ekki losa í niðurfall.

V33 Gerið varúðarráðstafanir gagnvart stöðurafmagni.

V60 Efni og umbúðum skal farga sem spilliefni.

Ath. Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 82220 N-C Brake & P Cleaner innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar:

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

Hætta gagnvart heilsu: Flokkur 2. Efni sem getur við mikla eða ítrekaða snertingu valdið tímabundnum veikindum eða meiðslum séu ráðstafanir ekki gerðar í tíma.

Eldhætta: Flokkur 4: Efni sem gufar auðveldlega upp í andrúmslofti við stofuhitastig, blandast lofti og brenna auðveldlega.

Hætta á efnahvörfum: Flokkur 0. Efni sem eru stöðug, jafnvel við bruna og sem hverfast ekki með vatni.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

Eitrunarhætta: Flokkur 2. Lítilsháttar.

Framhald á bls. 5

Eldhætta: Flokkur 4: Mjög eldfimt
Hætta á heilsutjóni: Flokkur: 0: Nánast engin

Síðasta endurskoðun útgáfu: 14.8.2003. Endurskoðun Nr. 1

Unnið af: Denise Boyd, Health and Safety Manager. Permatex Inc. CT. USA.

Sími: 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 15.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílaust hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 82220.

Þýtt og uppsett fyrir Bílaust hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataknifræðingur, Reykjanesbæ.